



Reykjavíkurborg
Fjármála- og áhættustýringasvið

Reykjavík, 14. júní 2019
R16030070
5252

Innkauparáð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK


Seinni framlenging á rammasamningi nr. 13610 "Rammasamningur um hreinlætisvörur"

Innkauparáð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi þann 10. maí 2016 að semja við Oliuverzlun Íslands hf., Tandur hf., Ræstivörur hf., Rekstrarvörur hf. og Papco hf. vegna kaupa á hreinlætisvörum. Gildistími samnings er tvö ár en að auki er heimilt að framlengja samningnum um allt að eitt ár í senn tvisvar sinnum. Hámarkstími samnings getur því orðið fjögur ár. Innkauparáð heimilaði á fundi þann 11. maí 2018 fyrri framlengingu þessa rammasamnings.

Að mati innkaupaskrifstofu er núverandi rammasamningur um hreinlætisvörur hagkvæmur fyrir Reykjavíkurborg enda eru aðilar rammasamningsins reynslumikil fyrirtæki á viðkomandi sviði. Afsláttarkjör vegna smærri innkaupa eru talin góð og heimilar samningurinn kaupendum að viðhafa örútboð sé vilji til frekari hagræðinga.

Í grein 2.2.9 samningsgagna er heimild til að framlengja samninginn um allt að eitt ár tvisvar sinnum og hefur innkaupaskrifstofa ákveðið að óska eftir heimild innkauparáðs til að framlengja fyrrgreindan rammasamning um eitt ár eða til 4. júlí 2020.

Virðingarfallst


Jóhanna E. Hilmarsdóttir
skrifstofustjóri